

Sjálfsmyndir

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það er áhugaverð sýning sem sett hefur verið upp að Kjarvalsstöðum á sjálfsmyndum íslenskra myndlistarmanna og lýkur nú um helgina.

Sýningin er á vegum myndlistarhússins sjálfs og hefur listráðunautur hússins, Gunnar Kvaran, haft veg og vanda af framkvæmd hennar.

Mér hafði skilist að sýningin ætti að standa mun lengur yfir og því er þessi listdómur seinna á ferðinni en æskilegt væri.

— Sá þáttur er lýtur að sjálfsmyndum listamanna er ákaflega

merkilegur til rannsókna, alveg frá fyrstu tíð og fram á daginn í dag því að listamenn hafa í tímans rás verið uppteknir af eigin sjálfi og krufningu þess. Þannig eru listaverkabækur er taka fyrir þennan þátt listasögunnar meðal þeirra mest lifandi bóka er maður flettir upp í.

Sýningin á Kjarvalsstöðum er og með skemmtilegri sýningum er inn í húsakynnin hafa ratað, — uppsetning og lýsing er með ágætum. Hún er þó ekki sett upp til að vera einhver allsherjar úttekt á þessum þætti íslenskrar listar heldur frekar til að lifga upp á staðinn í skammdeginu.

Við skoðun sýningarinnar má vera ljóst, að þetta svið hefur hvergi nægilega verið kannað og vafalítið kæmi margt fleira skemmtilegt í ljós en sér stað á sýningunni ef hnitmiðaðar hefði verið gengið til verks og undirbúningstíminn verið lengri. En vonandi vekur sýningin athygli á því hve margt skemmtilegt og athyglisvert liggur eftir íslenska myndlistarmenn á þessum vettvangi sem ærin ástæða er til að rannsaka nánar.

— Það sem er mest hrifandi við sýninguna er fjölbreytni hennar, enda um ákaflega ólíkar persónugerðir að ræða sem hér hafa handtekið pentskúfinn.

Á sýningunni eru 70 myndverk eftir 56 listamenn og nær þverskurðurinn frá hinum elstu til hinna yngstu, sem sumir hverjir eru enn við nám eða vinna sjálfstætt erlendis. Eiga sumir hinna eldri 2-3 myndir en flestir eru einungis með eina og það misstórar. Rúrí er með röð ljósmynda hugmyndafræðilegs eðlis og Þór Elías Pálsson kynnir sjálfan sig á myndbandi. Það er ákaflega erfitt að fara út í annað hér en hugleiðingar um þessa tegund myndlistar og það hratt yfir sögu því að listamennirnir eru margir og ólíkir og mörg verkanna athyglisverð. Við sjáum hér athyglisverða hluti eftir elztu þátttakendurna sem eru þeir Arngrímur Gíslason og Sigurður Guðmundsson, og það er mikil og sigild reisn yfir myndum þeirra Þórarins B. Þorlákssonar og Jóns Stefánssonar. Arfurinn frá impresjonistum og innsæisstefnunni er þrýðilega ræktaður í myndum Ásgríms, Kjarvals, Gunnlaugs Schevings, Júlíönu og Jóhanns Briem, sem hér á myndir sem ég hef ekki séð áður, en flestu á sýningunni er ég annars mjög vel kunnugur. Þeir félagar Snorri Arinbjarnar, Þorvaldur Skúlason og Jón Engilberts staðfesta í myndum sínum þá ágætu skólun er þeir fengu í Osló. Brynjólfur Þórðarson telst nokkur einfari í íslenskri myndlist en Sigurður Sig-



urðsson, Nína Tryggvadóttir og Louisa Matthíasdóttir eru alþjóðaborgarar danskrar skólunar. Mynd Jóhannesar Jóhannessonar gefur tilfni til ýmissa sköndinna hugleiðinga en er ákaflega sterk og sérkennileg mynd, jafnframt því að vera mjög nútímaleg þótt hún sé máluð 1943. Hringur Jóhannesson er mættur með eina af sínum athyglisverðustu myndum og Gunnar

Örn á eina stóra og mjög fjörlega málaða mynd þar sem mætast ýmsir straumar úr list sjötta og áttunda áratugarins.

Þannig væri hægt að halda lengi áfram því að enn mun helmingur listamannanna óupptalinn. En ég læt hér staðar numið en vil vekja athygli á áhugaverðri og lifandi sýningu.



Síður kiðlingapels.
Mjög gott snið. Allar gerðir.
Léttur og þægilegur.
Verð kr. 49.000,-

PELSINN

Kirkjuhvoli - sími 20160



Breiðamörk 2 – Hveragerði

Höfum í einkasölu gott 1763ja fm steinhús með 4ra metra lofthæð. Húsið hefur mjög fjölbreytta möguleika varðandi nýtingu. Staðsetning er við aðalgötu bæjarins og blasir við þegar ekið er inn í bæinn. Ca 4500 fm lóð með möguleika á fjölda bílastæða. Afhending eftir nánara samkomulagi. Verð pr. fm kr. 15.000,- Mjög góð greiðslukjör bjóðast fyrir traustan aðila.

Gerðhamrar – sjávarlóð

Vorum að fá í sölu 123ja fm glæsilega staðsett einbýlishús á einni hæð með frábæru útsýni. 39 fm bílskúr. Skipti möguleg á minni eign. Ákveðin sala.



Húsafell

FASTEIGNASALA Langhóltsvegi 115 Þorlákur Einarsson
(Bæjarleiðahúsinu) Sími: 68 10 66 Bergur Guðnason



PITT MÁL ER
HVERNIG ÞÚ
VILT LÍTA ÚT

OKKAR ER AÐ
GERA ÞAÐ
MÖGULEGT

NÝKOMINN
HERRAFATNAÐUR

Í MIKLU ÚRVALI
Góð snið

Laugardaga opið
til kl. 16.00

Góð og hress
þjónusta.

KARAKTER
v/Bankastræti

